

## Stjórnarfundur UMSB 7. janúar í Borgarnesi

Mætt eru: Kristín, Þórhildur, Sigurður, Pálmi framkvæmdastjóri, Ásgeir, Sigga Dóra tómsfundafulltrúi og Sólrún Halla

1. Sambandsstjóri setur fundinn

Sigurður sagði fundinn settan og bauð alla velkomna og óskaði öllum gleðilegs nýs árs

2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt og undirrituð.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra, starfið undanfarið og framundan

*a) Húsnæði:*

- Pálmi er búinn að tæma, mála og parketleggja gömlu skrifstofuna og koma henni í leigu – Margrét Ástrós leigir húsnæðið.

- Á eftir að tæma geymsluna, grunar að þar séu aðallega gömul gögn.

*b) Tómsfundafulltrúi*

- Sigga Dóra hóf störf á mánudaginn

*c) Tiltekt*

- Pálmi ætlar að fara í tiltekt um miðjan janúar á heimasíðu o.fl.

- ganga frá skrauti eftir jólin

4. Bjóðum Siggu Dóru velkomna til starfa

Sigurður sambandsstjóri býður Siggu Dóru velkomna til starfa.

Sigga Dóra:

- mikið að gera og hefur verið að koma sér inn í starfið, hitta starfsfólk o.fl.

- Skráningar fara af stað fljótlega og ættu að klárast í lok næstu viku.

- Búin að vera að vinna í því að koma skipulagi á skjólið í Borgarnesi, þar sem það er svolítið á flakki um húsið.

- Það verða flestar sömu smiðjurnar og fyrir jólin, nema fótboltinn fellur út í uppsveitunum, dans kemur inn og jafnvel leiklist. Kemur í ljós á næstu dögum.

5. Íþróttamaður ársins – íþróttahátíð

Íþróttahátíð verður haldin laugardaginn 16. janúar kl. 14 - 16. Tilnefningar eru 14 til íþróttamanns Borgarfjarðar. Stjórn UMSB þarf að útnefna einn aðila í kjörnefnd vegna íþróttamanns Borgarfjarðar.

Pálmi vill að frjálsíþróttafélagið taki yfir Maráþonbikarinn og afhendi hann á íþróttahátíðinni.

### **Bókun:**

1. Kristín athugar hvort félagsheimilið í Brún sé laust þennan laugardag. Einnig hefur hún samband við Bjarnheiði kennara á Kleppjárnsreykjum um skemmtiatriði frá nemendum GBF.

Pálmi athugar með hvort frjálsíþróttafélagið vilji taka að sér veitingar.

2. Pálmi talar við Pál S. Brynjarsson um að vera fulltrúi UMSB í kjörnefndinni.

3. Kristín talar við Hrönn formann frjálsíþróttafélagsins um hvort þau vilji taka við Marabonbikarnum.
6. Uppstillinganefnd  
Við þurfum að finna þrjá aðila til þess að skipa uppstillinganefnd. Það vantar í störf gjaldkera, varasambandsstjóra og sambandsstjóra. Síðan vantar varamenn fyrir gjaldkera og varasambandsstjóra. Stefnum á sambandsþing laugardaginn 12. mars.

**Bókun:**

1. Sigurður talar við Björn Bjarka, Þórhildur talar við Halldóru Lóu og Pálmi talar við Sigríði Bjarna. Þetta fólk verður boðið um að sitja í uppstillingarnefnd fyrir sambandsþing UMSB árið 2016.
  2. Pálmi talar við Dagnýju Hauks formann Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar um hvort þau geti haldið sambandsþingið þetta árið.
7. Næstu stjórnarfundir fram að sambandsþingi  
4. febrúar – á Hvanneyri (Sólrún Halla finnur húsnæði)  
18. febrúar – á skrifstofunni í Borgarnesi
8. Önnur mál  
a) *Árþing KSÍ*  
- Laugardaginn 13. febrúar er 70. árþing KSÍ og okkur er boðið að senda fulltrúa. Umf. Skallagrímur sendir fulltrúa og við látum það duga.
- b) *Unglingalandsmót*  
- Styrkur barst frá mennta – og menningarmálaráðuneytinu til Borgarbyggðar upp á 20 milljónir.  
- Fyrsti fundurinn í unglíngalandsmótsnefndinni er 20. janúar.  
- Fengum 5 milljónir frá Borgarbyggð fyrir áramótin og það er búið að moka upp úr skurðunum á tjaldsvæðinu. Einnig hefur Pálmi fjárfest í húsi fyrir þul á frjálsíþróttavelli, mörk og net, borgað í tímatökutækjum o.fl.  
- Þau aðildarfélög sem nýta sín svæði á unglíngalandsmóti fá úthlutað peningum af styrknum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig verður íþróttaaðstaða löguð og bætt fyrir unglíngalandsmótið.  
- Verið að bíða eftir lögfræðiáliti varðandi skotsvæðið og mótorsport svæðið.

Fundi slitið kl. 21:44  
Sólrún Halla ritaði fundinn